

HULDUHEIMAR – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Mars 2016

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

HULDUHEIMAR – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	1
Inngangur	4
Leikskólinn Hulduheimar	4
Greining	5
Viðmiðaramminn	7

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Hulduheimum sem fram fór í mars 2016. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og í öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í mars 2016 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 14. - 18. mars. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN HULDUHEIMAR

Leikskólinn Hulduheimar tók til starfa í nóvember árið 1997 og er staðsettur við Vættaborgir 11, 112 Reykjavík.

Í leikskólanum eru fjórar deildir, 83 börn voru á leikskólanum í mars 2016. Yngri börnin eru á Álfhóli og Sólskinsbæ en eldri börnin eru á Sjónarhóli og í Kardemommubæ.

Leikskólastjóri er Bryndís Markúsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Jónína Jóhannsdóttir.

Framúrskarandi verlag

- * Verkefnið *Barn vikunnar* er framúrskarandi verlag þar sem hvert barn fær að njóta sín með þátttöku í fjölbreyttum verkefnum. Barn vikunnar kemur með hluti að heiman s.s. bækur eða tónlist til þess að deila með öðrum börnum. Uppeldisfræðilegar skráningar eru nýttar til að fylgja eftir ferli barnsins þessa viku. Skráningarnar eru hengdar upp og varðveittar í ferilmöppu barnsins.

Styrkleikar:

Leikskólinn hefur valið sér einkunnarorð og starf leikskólans einkennist af hugmyndafræði Reggio Emilia. Stjórnendateymi fundar reglulega um stefnuna og deilir með sér verkefnum. Leikskólastjóri sér til þess að símenntun sé markviss og endurspegli áherslur leikskólans. Framkvæmdaáætlun um jafnrétti er skýrt fram sett og aðgengileg.

Viðfangsefni og námsleiðir taka mið af hæfileikum og námsþörfum barna. Hreyfipörf barna er mætt í leik og samskiptum. Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börnin. Náms sviðin eru sett fram á sýnilegan hátt með ljósmyndum sem sýna leiðirnar.

Frjálsum leik barna er gefið svigrúm í dagskipulagi. Markvisst er unnið að sköpun og er það sýnilegt á öllum deildum leikskólans. Í sköpun er lögð áhersla á ferlið fremur en afurðina. Unnið er með heimamenningu barna á markvissan hátt.

Farið er eftir ákveðnu ferli þegar grunur er um þroskafrávik hjá barni og einstaklingsnámskrár gerðar.

Starfsfólk er ánægt með hugmyndafræði leikskólans. Samstarf og samábyrgð starfsfólks er sýnileg innan deilda. Deildarfundir eru haldnir reglulega og eru vettvangur faglegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar.

Starfsfólk er stolt af starfi sínu og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins. Starfsfólki er hrósað fyrir vel unnin störf.

Greinargerð um innra mat er birt á heimasíðu leikskólans og er innra mat samstarfsverkefni þeirra sem vinna í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta:

Leikskólastjóri verði sýnilegri í starfi og leggi um leið meiri rækt við samskipti foreldra, starfsmanna og barna. Stjórnendur og starfsmenn líti á foreldra og börn sem samstarfsaðila.

Markmið, leiðir og matsaðferðir þurfa að koma enn skýrar fram í skólanámskrá. Rýmingaráætlun leikskólans verði sýnileg á hverri deild.

Gera þarf framkvæmdaráætlun um læsi.

Gefa þarf börnum tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins. Börnin komi reglulega að mati á leikskólastarfi og setji sér markmið í sínu námi. Ánægja, áhugi og líðan barna sé nýtt sem vísbending í mati á leikskólastarfi. Skráningar verði nýttar enn frekar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega.

Foreldrar komi markvisst að gerð og endurmati á einstaklingsnámskrám barna. Sjá til þess að einstaklingsnámskrá barna sé virk á deildum og að stuðningur við börn með sérþarfir fari sem mest fram inni á deildum.

Kynna þarf tilgang stefnunnar betur fyrir foreldrum leikskólans. Leikskólakennarar veiti foreldrum ráðgjöf og fræðslu þegar við á. Efla þarf samstarf á milli deilda.

Setja fram áætlun í skólanámskrá um innra mat nokkur ár fram í tímann og fjallað verði um hvernig markmið leikskólans verði metin markvisst og reglubundið.

Nýta niðurstöður úr ytra mati í innra mat. Sjá til þess að starfsfólk og foreldrar leikskólans taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsörðun í innra mati.

Gerð verði umbótaáætlun í starfsáætlun sem er tímasett og skilgreindir verða aðilar fyrir umbótum.

VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verlag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verlag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verlag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verlag.